




Kynning á þróunaráætlun háskólasvæðis Háskóla Íslands

Borgarráð 9. janúar 2024

Kynnt á fundi borgarráðs - Þróunaráætlun fyrir Háskóla Íslands - samvinnuverkefni Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um heildarsýn fyrir framtíð svæðis Háskóla Íslands, dags. 7. nóvember 2024, unnið af JVST og Jurrlink+Geluk. Í fyrsta sinn hefur verið sett fram heildræn sýn fyrir svæði Háskóla Íslands undir merkjum þróunaráætlunar sem bæði dregur fram og festir í sessi styrkleika svæðisins, og markar skilyrði í samspili umhverfis, borgarskipulags, samgangna og bygginga. Fólki og mannlíf er í forgrunni. Svæðinu er ætlað að bera skýr auðkenni, vera aðlaðandi, fjölbreytt og til fyrirmyndar í því ljósi að byggt verði eins og kostur er undir sjálfbærni samfélagsins sem þar á að þrífast. Skerpt var á séreinkennum svæðisins og staðarandi nýttur til að draga fram umhverfisverðmæti sem fyrir eru. Stuðst var við meginmarkmið og leiðarljós Aðalskipulags Reykjavíkur 2040: að stuðla að kröftugum og sjálfbærum vexti borgar sem styður við markmið um kolefnishlutleysi, vernd náttúrusvæða, líffræðilega fjölbreytni og samkeppnishæft, lífvænlegt, réttlátt og fjölbreytt borgarsamfélag. Vistvænar samgöngur eru í forgangi og grunnþjónusta í göngufæri. Samhliða var unnið samgöngumat fyrir háskólakampus HI sem dró fram heildarsýn á ferðavenjur og samgöngukosti auk samþættingu við Borgarlínu. Þróunaráætlunin sem slík festir hvorki í sessi uppbyggingarheimildir né skipulagsskilmála innan svæðisins en mun hinsvegar nýtast sem undirstaða og útgangspunktur við gerð nánari deiliskipulagsáætlana innan svæðisins í framtíðinni.





ÞRÓUNARÁÆTLUN FYRIR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Samvinnuverkefni Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar
um heildarsýn fyrir framtíð svæðis Háskóla Íslands

7. nóvember 2024



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
KAFLI 1. ALMENNINGSRÝMIN - FJÖLBREYTT SVÆÐI	14
KAFLI 2. UMFERÐ OG SAMGÖNGUR	28
KAFLI 3. BYGGINGAR OG ÞRÓUNARREITIR	42



MEÐ MANNLÍF AÐ LEIÐARLJÓSI

Hvaða þýðingu hefur hið byggða umhverfi og rýmið á milli húsanna á nemendur, starfsfólk og gesti á háskólasvæðinu? Hvernig getur þetta rými virkað sem örvandi náms- og starfsumhverfi sem veitir innblástur allan ársins hring? Hvar er gott að vera eftir strembinn lestur og verkefnaskil? Þetta er meðal mikilvægra spurninga þegar unnið er að þróunaráætlun fyrir svæði Háskóla Íslands til framtíðar. Að móta umgjörð þar sem fólk líður vel og það nýtur sín í námi, starfi og tómstundum er mikilvægur þáttur í að skapa farsælann og framsækinn háskóla í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi.


Þróunaráætlun

Þróunaráætlun er óformlegt millistig á milli aðalskipulags og deiliskipulags. Aðalskipulag og deiliskipulag eru formlegar skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum og lúta ákveðnum reglum um kynningu fyrir almenningi og afgreiðslu stjórnvalda. Þróunaráætlun er stefnumótandi heildarsýn og leiðbeinandi skipulagstæki fyrir hagaðila um samræmingu, hönnun og útfærslu byggðar og umhverfis. Þróunaráætlun skilgreinir megináherslur og heildaryfirbragð fyrir einstaka hluta afmarkaðs svæðis og verður slöan endanlega útfærð í formlegu deiliskipulagi.

Heildarsýn um háskólasvæðið


Sú heildarsýn fyrir svæði Háskóla Íslands sem sett er fram í þessari þróunaráætlun byggir á samspili umhverfis, borgarskipulags, samgangna og bygginga. Svæðinu er ætlað að bera skýr auðkenningu og vera aðlaðandi, fjölbreytt og til fyrirmyndar sem sjálfbært staðbundið samfélag. Fólk og mannlíf verður í forgrunni. Skerpt verður á séreinkennum svæðisins og staðarandi nýttur til að draga fram þau umhverfisverðmæti sem fyrir eru.

Enn fremur er stuðst við meginmarkmið og leiðarljós Aðalskipulags Reykjavíkur 2040, AR2040: að stuðla að kröftugum og sjálfbærum vexti borgar sem styður við markmið um kolefnishlutleysi, vernd náttúrusvæða, líffræðilega fjölbreytni og samkeppnishæft, lífvænlegt, réttlátt og fjölbreytt borgarsamfélag. Vistvænar samgöngur verða í forgangi og grunnþjónusta í göngufæri.






INGANGUR STEFIN



ÞRÓUNARÆTLUN FYRIR HÁSKÓLA ÍSLANDS 7. NOVEMBER 2024




UPPDRÁTTUR

- SKÝRINGAR
- Byggingar
 - Vatn
 - Dvalarsvæði
 - Lóðir
 - Próunarreitir
 - Hringgarður
 - Græn útvistarsvæði
 - Borgargatan
 - Göngu- og vistgötur
 - Próunarreitir í Hringgarði





LAGSKIPT NÁLGUN OG HUGMYNDAFRÆÐI



Hringgarðurinn

Hringgarðurinn


Eitt meginstef þróunaráætlunarinnar er hringlaga almenningsgarður sem tengir saman vestur- og austurhluta háskólasvæðisins. Þar verður veglegur göngu- og hjólastígur sem greiðir fyrir aðgengi á milli bygginga og tengir Háskóla Íslands betur við nærliggjandi byggð. Í garðinum og meðfram honum verða aðlaðandi viðkomustaðir til að stunda heilsurækt og njóta útivistar. Leitast verður við að nota fjölbreyttan gróður, tré, runna, blóm og grös og stuðla með því að líffræðilegum fjölbreytileika. Hugað verður sérstaklega að plöntuvali fyrir allar árstíðir, sér í lagi haustin og vorin þegar flestir sækja svæðið. Í hringgarðinum eru ákjósanlegar aðstæður fyrir landmótun í bland við blágrænar ofanvatnslausnir. Hugmyndafræði þróunaráætlunarinnar fellur vel að einu af meginmarkmiðum gildandi aðalskipulags AR2040 er varðar lýðheilsu, þ.e. að velferð og heilsa nemenda, kennara, annars starfsfólks og gesta Háskóla Íslands verði ávallt höfð að leiðarljósi við skipulagningu og hönnun háskólasvæðisins. Mikilvægt er að við framtíðar umbreytingu og endurnýjun svæðisins muni skipulagssýnin og uppbyggingin verða til þess að efla mannlíf með því að hvetja til hreyfingar, samveru og nýtingar vistvæna ferðakosta.



Græni jaðarinn - friðlandið Vatnsmyrin

Græni jaðarinn – friðlandið Vatnsmyrin


Út frá hringgarðinum eru tengingar í allar áttir, m.a. til Vesturbæjar, Hljómskálagarðs og Miðborgar Reykjavíkur, Vísindagarða HÍ, Hljónagarða og Heilbrigðisvísindasviðs á Landspítalaskvæðinu. Þessar tengingar við nærumhverfið verða styrktar svo notendur háskólasvæðisins njóti góðs af þeim jákvæðu og fjölbreyttu þáttum sem næsta umhverfi býður upp á. Á jaðri háskólasvæðisins til austurs er friðlandið Vatnsmyrin með sitt fjölbreytta lífríki og náttúrulega yfirbragð sem ljær háskólasvæðinu og borgarumhverfinu sérstakan blæ. Lögð er áhersla á að vernda og styrkja landslag, vistkerfi og minjar sem fyrir eru og mynda um leið sterkari tengingu á milli háskólasvæðisins og þessarar áhrifaríku náttúru.



Borgargatan og mannlífið við Borgarlínuna

Borgargatan og mannlífið við Borgarlínuna


Annað meginstef þróunaráætlunarinnar er leið Borgarlínu um háskólasvæðið. Borgarlínan verður meðal helstu hreyfiálanna við umbreytingu háskólasvæðisins og stuðlar um leið að því að ná loftslagsmarkmiðum skv. Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021-2025. Með breyttum áherslum í samgöngumálum og leið Borgarlínu um háskólasvæðið skapast tækifæri til að upphefja Suðurgötu, Njarðargötu og Sturlugötu í aðlaðandi borgargötu sem tengir saman austur- og vesturhluta háskólasvæðisins í stað þess að slíta þá í sundur. Borgargatan kallar á bættu ásýnd, aukinn gróður og virkar framhliðar húsa, auk öflugra innviða og gótugagna í tengslum við Borgarlínustöðvar. Með þessu eflast virkir ferðamátar um háskólasvæðið samhliða því að farþegarunnur Borgarlínunnar styrkist.



Aðkoma bíla

Aðkoma bíla og bílastæðahús

Við framtíðar uppbyggingu háskólasvæðisins er mikilvægt að halda í heiðri helstu gildum og stefnumarkmiðum Reykjavíkurborgar sem birtast í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021-2025. Þó bílar víki í auknum mæli fyrir gangandi og hjólandi vegfarendum verður tryggð aðkoma allra inn á svæðið með bílum. Gert er ráð fyrir megináðkomu bíla um Njarðargötu, Sturlugötu og Suðurgötu umfram Birkimel að vestan. Við aðkomuleiðina við Sturlugötu er álitlegur kostur að koma fyrir bílastæðahúsi á yfirborði. Á jarðhæð bílastæðahússins verða verslunar- og þjónusturými sem glæða staðinn lífi. Stefnt er að því að hlutdeild einkabílsins í öllum ferðum innan borgarinnar verði komin undir 50% árið 2040 samkvæmt gildandi aðalskipulagi AR2040 og er það mikilvægur þáttur í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem er 70% vegna samgangna í Reykjavík.



Fjölbreytt göturými og sérumferð

Fjölbreytt göturými og sérumferð

Skipulagssýn þróunaráætlunarinnar setur fólk og umhverfi í forgang og hámarkar bíllaus svæði. Skipulag göturýma miðast að því að takmarka umferðarhraða, en jafnframt er aðkoma bíla að öllum byggingum tryggð, s.s. fyrir vörulösun, neyðarþíla og sleppistöði. Vistgötur með blandaðri umferð, þar sem fólk er í forgangi og bílar eru gestir í samsplí við göngugötur. Flygt verður reglugerð um bílastæði fyrir hreyfihamlaða og krófum um hámarks göngufjarlægðir frá bílastæðum að anddyrum húsa.



Byggingar og þróunarreitir

Byggingar & þróunarreitir

Innan ramma almenningssvæðisins eru skilgreindir 12 þróunarreitir fyrir þétta, mannvæna og aðlaðandi byggð. Þróun svæðisins tekur mið af starfsemi og framtíðarþörfum Háskóla Íslands og nærliggjandi menningarstofnana með hliðsjón af þéttingu byggðar meðfram samgöngu- og þróunarásum, en jafnframt er borin virðing fyrir sögulegum byggingum og staðaranda. Nýjar byggingar á svæðinu skulu stuðla að góðri rýmismyndun til að styrkja almenningsrými hringgarðsins með því að mynda sólrík og skjólgóð dvalarsvæði. Byggingar skulu vera vandaðar að öllu leyti, aðgengilegar og endingargóðar. Byggingar eru aðlaðandi og bjóða fólk velkomið með virkum opnum jarðhæðum. Byggingargerðir skulu geta aðlagast breyttum þörfum háskólasamfélagsins og samfélagslegum aðstæðum. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur, AR2040, og Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021-2025 er stefnt að því að Reykjavík verði kolefnishlutlaus eigi síðar en 2040. Við mat á skipulagstillögum og öllum byggingaráformum innan háskólasvæðisins verði ávallt hugað að kolefnisspori húsnæðis og allra innviða.



INNGANGUR

MARKMIÐ: HEILSTEYPT HÁSKÓLAUMHVERFI

FARSÆLT HÁSKÓLAUMHVERFI

Markmið þróunaráætlunar er að skapa heilsteyppt háskólasvæði sem jafnast á við fremstu háskólagarða (e. Campus) erlendis.

Háskólasvæði breytast í takt við almenna borgarþróun og þau ganga í endurnýjun lífdaga, almenningsrými eru endurhönnuð, auk þess sem húsnæði er endurskoðað m.t.t. orkunotkunar, sjálfbærnisjónarmiða, sveigjanleika og hæfni bygginga til að bregðast við breyttum áherslum í kennsluáferðum og gæðum vinnuumhverfis, s.s. innvistun, verkefnaíðuduðum vinnurýmum og félagslegum þáttum.

Við nýbyggingar og breytingar á þeim byggingum sem fyrir eru á háskólasvæðinu verði markmið algildrar hönnunar ávallt leiðarljós við mótun almenningsrýma og við hönnun á hinu byggða umhverfi borgarinnar, sbr. gildandi aðalskipulag AR2040 og kröfur þar um í byggingarreglugerð.

Við gerð þróunaráætlunarinnar eru sjö lykilatriði höfð til hlíðsjónar sem leiðarljós og markmið sem einkenna farsæla háskóla og byggja m.a. á viðhorfskónnunum meðal starfsfólks og nemenda víðsvegar um heim.



2. AÐKENNDAR LEIÐIR

Aðlaðandi og vel auðkennt og upplýst stígakerfi innan háskólasvæðisins, þar sem aðal- og aukaleiðir eru vel skilgreindar og auðlæsilegar, er mikilvægur þáttur í að skapa notendavænt háskólaumhverfi. Vel útfærðar, skjólgóðar og öruggar göngu- og hjólaleiðir eru jákvæður hvati og stuðla að virkni, hreyfingu og félagslegri þátttöku.



1. TENGINGAR VIÐ NÆRUMHVERFI

Tengingar og við nærumhverfi og flæði fólks stuðla að betri notkun og jákvæðari upplifun af háskólasvæðinu á öllum tímum dagsins allt árið um kring. Landfræðileg staðsetning Háskóla Íslands býður upp á tækifæri til að tengjast enn betur nærumhverfinu sem í alþjóðlegu samhengi er einstök blanda af náttúrulegu- og manngerðu borgarlandi.



3. GRÆNAR SAMGÖNGUR

Öflugar og fjölbreyttar almenningsgöngur, tengistígakerfi fyrir gangandi og hjólandi, rafskutlur, rafhjól, yfirbyggð hjólastæði, víðgerðarþjónusta, dellihjól og hjólaeiguru eru hvatti að grænum samgöngukostum.



4. LIFANDI HJARTA SAMFÉLAGSINS

Mikilvægur þáttur í farsælum háskólasvæðum er miðlægt og lifandi hjarta sem dregur fólk að úr öllum áttum og stuðlar að fjölbreyttum og þverfaglegum samskiptum. Slíkt hjarta er auðkenntur dvalarstaður í stuttri göngufjarlægð þar sem fólk hittist til að slaka á, fá sér matarbita, funda og spjalla.



6. KENNILEITI OG HÁSKÓLAHLIÐ

Agerandi kennileiti er staður eða mannvirki sem flestir tengja við kjarnalmynd háskólasvæðisins. Slík kennileiti eru iðulega notuð í miðlun og kynningarstarfi og stuðla þannig óbeint að því að Háskóli Íslands fangar athygli innanlands sem utan. Lykilaðkomuleiðir marka táknræn skil á milli borgarhvertanna og háskólasvæðisins.



5. ÍPRÓTTIR OG ÚTIVIST

Innvíðir fyrir íþróttaiðkun og hreyfingu eru hluti af háskólasvæði þar sem leikgleði er í hávegum höfð, auk þess sem iðkun heilbrigðs lífsstíls utandyra glæðir svæðið lífi allt árið um kring, eflir ímynd þess og hvetur til jákvæðra samskipta og samvistar nemenda og starfsfólks.



7. SJÁLFBÆRNI OG LÍFRÆN VIRKNI

Vistvænt háskólasvæði með bættu jafnvægi manns og náttúru og samfelldum útisvæðum er hluti af farsælu háskólasvæði. Samverkandi þættir vatnsbúskaps svæðisins, plöntu- og dýraríkis í bland við markvissa innréttingu almenningsrýmis sem tekur mið af ofanvatnslausnum, ríkulegum og fjölbreyttum gróðri sem myndar skjól og stemningu, stuðla að fjölbreyttu lífríki og bætri ímynd háskólasvæðisins sem græns, heilbrigðs og aðlaðandi umhverfis.



INNGANGUR

ÞRÓUNARÁÆTLUN

Markmið og metnaður þróunaráætlunarinnar er að skapa heilsteyppt háskólasvæði. Horfið er frá uppbyggingu sem tekur einkum mið af einstökum lóðum eða byggingum og þess í stað horft til heildarsamhengis mannvirkja og umhverfis. Hér eru helstu atriði þróunaráætlunarinnar kynnt með lagskiptri nálgun. Hugmyndafræðin felur í sér þrjá lykilburðarliði sem verður lýst nánar síðar í þróunaráætluninni:

1. ALMENNINGSRÝMIN - FJÖLBREYTT SVÆÐI



Mikilvægasti burðarliðurinn snýr að manneskjunni. Ramma almenningssvæða fjallar um óbyggða rýmið á milli húsa sem samanstendur af fjölbreyttum útivistar- og náttúrsvæðum, gördum og grænum svæðum, vistgötum, stígum, torgum og öðrum dvalarsvæðum.

- Hringgarðurinn
- Skeifan og friðland Vatnsmýrarinnar
- Fjölbreytt dvalarsvæði
- Lifandi hjörtu samfélagsins
- Tengingar við nærumhverfið
- Íþróttir og útivist
- Kennileiti og lykil aðkomuleiðir
- Sjálfbærara umhverfi

2. UMFERD OG SAMGÖNGUR




Annar burðarliðurinn hverfist um almenningsgöngur, göngu- og hjólastíga, og umgjörð um bílinn sem víkjandi þátt ásamt aðkomu fyrir alla.

- Flæði um svæðið á forsendum gangandi og hjólandi
- Vel auðkenndir og greiðfærir göngu- og hjólastígar
- Yfirbyggð og örugg hjólaskýli ásamt aðgengilegum hjólageymslum í stuttu færi á öllu svæðinu
- Borgargatan og vistvænar samgöngur
- Bílalausnir sem færa bílinn út í jaðra svæðisins
- Sérúferð, s.s. vegna vörulosunar, og umferð hreyfihamlaðra.

3. BYGGINGAR



Þriðji burðarliðurinn tengist mannvirkum og byggingum. Innan ramma almenningssvæðisins og gatnakerfisins eru skilgreindir 12 þróunarreitir. Hönnunarléiðbeiningum fyrir einstaka þróunarreiti er ætlað að tryggja tengsl bygginga við umhverfið.






KAFLI 1. ALMENNINGSRÝMIN - FJÖLBREYTT SVÆÐI




HRINGGARÐURINN

Eitt meginstefanna í þróunaráætluninni er hringlaga almenningsgarður austan og vestan Suðurgötu. Hringgarðurinn er nokkurskonar millistykki sem tengir saman háskólasvæðið við nærumhverfið til allra átta. Hlutverk Hringgarðsins er margþætt: Hann er mannvænn og grænn íverustaður, aðlaðandi dvalarsvæði á milli húsa og hluti af séreinkenni og ímynd svæðis sem háskólagarður (e. Campus). Hringgarðurinn auðveldar þverun Suðurgötu með grænum göngu- og hjólaleiðum sem tengjast Borgarlínustöðvum. Landmótun í hringgarðinum skapar forsendur fyrir skjólgóð svæði og möguleika á að beita ofanvatnslausnum til að hægja á hringrásum vatns sem léttir á veitukerfi á haannatímum og stuðlar að fjölbreyttu lífríki.



Lykiláherslur í Hringgarði:

- Sameiningartákn fyrir austur- og vesturhluta háskólasvæðisins.
- Séreinkenni og ímynd háskólasvæðisins er hluti af upplifun Hringgarðsins.
- Skjólgott og fjölbreytt dvalarsvæði.
- Hjóla- og göngustígar.
- Tenging við Borgarlínustöð og nærumhverfi.
- Bætt vistkerfi, fjölbreytt lífríki og gróður sem tekur mið af öllum árstíðum.
- Aukinn jarðvegur og landslagsdældir sem miðla tímabundið ofanvatni.






KAFLI 1. ALMENNINGSRÝMIN - FJÖLBREYTT SVÆÐI

TENGINGAR VIÐ NÆRUMHVERFIÐ


Tengingar eru effidar svo notendur háskólasvæðisins njóti góðs af þeim jákvæðu og fjölbreyttu þáttum sem umhverfið hefur upp á að bjóða. Bætt aðgengi verður að innviðum og þjónustu miðborgarinnar á sviði lista, menningar, afþreyingar svo og að náttúru- og útivistarsvæðum.

Hugmyndin er að hringgarðurinn bjóði upp á tengingu við Vesturbæ og Vesturbæjarlaug, miðbæ Reykvikurborgar og Hljómskálagarð, Ægissíðu og friðland Vatnsmyrar, Vísindagarða og stúdentagarða. Rík áhersla er lögð á bættar göngutengingar við miðborgina og eins aðstöðu Heilbrigðisvísindasviðs á Landspítalalóð, m.a. með gönguleið undir Hringbraut í anda vinningsstillögu um skipulag Vatnsmyrarinnar frá árinu 2012, sjá: <https://www.landmotun.is/archives/1422>



Lykiláherslur fyrir tengiása:

- Algild hönnun: Bætt aðkoma fyrir hreyfihamaða og fólk með barnavagna.
- Landhali mildaður þar sem Hringgarður sker Suðurgötu.
- Göngu- og hjólaleið á milli Vesturbæjar, Skeifunnar og Heilbrigðisvísindasviðs.
- Undirgöng fyrir gangandi og hjólandi undir Hringbraut tengir háskólasvæðið við miðbæ Reykjavíkur um friðlandið Vatnsmyrar og Hljómskálagarð.
- Bættar tengingar við Vísindagarða, Hjólagarða, Öskjuhlíð og Skerjafjörð.



NÁTTÚRA OG NORÐURLJÓS: OPÐRÁTTUR OG SNÍÐ ÚR VINNINGSTILLÖGU Í SAMKEPPNI UM FRIÐLANDIÐ VATNSMYRI 2012



NÁTTÚRA OG NORÐURLJÓS MENNTUN, MENNING, LÍF OG LISTIR

[No Title]



KAFLI 2. UMFERÐ OG SAMGÖNGUR

SAMGÖNGUMAT - HÁSKÓLAKAMPUS HÍ

Háskólar eru í eðli sínu silkvikar stofnanir sem eru í stöðugri þróun. Á komandi árum mun mikil uppbygging og um leið umbreyting eiga sér stað á svæði Háskóla Íslands. Fyrirséð er að samgöngukostir munu umbreytast með tilkomu bættra almenningsamgangna og annarra vistvænna samgönguinna.

Háskóli Íslands er langstærsta menntastofnun landsins og skólinn er einn stærsti vinnustaður landsins. Nú stunda um 14.000 nemendur nám við Háskóla Íslands og þar starfa um 2.000 starfsmenn og mikill fjöldi stundakennara víðsvegar úr atvinnullifinu. Þá hafa stórir og framsækni vinnustaðir aðsetur á svæði Vísindagarða Háskóla Íslands, s.s. Íslensk erfðagreining, CCP og Alvotech, auk þess sem stúdentaröðar eru víða á svæðinu. Því má segja að Reykjavík sé réttnefnd háskólaborg og háskólasvæðið býr yfir miklu aðrættaraffili og er fjölsótt á degi hverjum.

Í þróunaráætlun Háskóla Íslands er í fyrsta sinn sett fram heildstæð sýn fyrir framtíðaruppbyggingu háskólasvæðisins. Ráðgjert er að heildar byggingarmagn á svæðinu geti nærri tvöfaldast á komandi árum. Af því leiðir að nauðsynlegt er að störefla fjölbreyttar og vistvænar samgöngur innan háskólasvæðisins og höfuðborgarsvæðisins alls.




Sú framtíðarsýn sem felst í þróunaráætlun fyrir háskólasvæðið hvílir meðal annars á forsendum og stefnu gildandi Aðalskipulags Reykjavíkur AR2040 sem og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þessi stefna hefur verið dýpkuð enn frekar með loftslagsmarkmiðum og loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar til ársins 2025 sem áformað er að uppfæra með loftslagsborgarsamningi og aðgerðaáætlun til 2030. Þessi framtíðarsýn er mikilvæg forsenda þróunaráætlunar svæðis Háskóla Íslands.

Af öllu þessu leiðir að samgöngur munu leika lykilhlutverk í þróun háskólasvæðisins til framtíðar. Stærsti áhrifaaldurinn í því sambandi er Borgarlínan sem hágæða almenningsamgöngukerfi.

Ákveðið var að vinna sérstakt samgöngumat upp úr þróunaráætlun HÍ og gildandi uppbyggingarheimildum í skipulagi innan svæðisins til að leggja mat á framtíðaráhrif áætlunarinnar og bygga undir breyttar ferðavenjur.

Helstu niðurstöður og tillögur til nánari skoðunar eru eftirfarandi:

- Aðgengi virkra ferðamáta (gangandi og hjólandi) verður til fyrirmyndar.
- Útfæra þarf nánar landnotkun til að draga enn frekar úr ferðasköpun og auka hlutdeild vistvænna ferðamáta.
- Stuðla þarf að auknu framboði á deilifaramátum.
- Almenningsamgöngur verða öflugar og byggja undir breyttar ferðavenjur.
- Taka þarf mið af aukinni uppbyggingu og huga að skiptingum farþega milli leiða.
- Núverandi fjöldi bílastæða er í hámarki.
- Útfæra þarf ítarlega bílastæðastefnu fyrir háskólasvæðið þar sem bílastæði verða vijkandi frá núverandi horfi.
- Greina þarf nánar afkastagetu gatna og gatnamóta.
- Mikilvægt er að fylgjast með þróun á umferð og ferðavenjum.
- Akandi umferð eykst mest á Njarðargötu.



BREYTTAR FERÐAVENJUR, SKÝRINGARMYNDIR ÚR AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2040.





KAFLI 2. UMFERÐ OG SAMGÖNGUR

VISTVÆNAR SAMGÖNGUR




Það er ein meginforsenda þróunaráætlunarinnar að samþætta fjölbreytta græna ferðamáta. Plássfrekur einkabíllinn sem verið hefur ríkjandi ferðakostur með neikvæðum áhrifum á ásýnd háskólasvæðisins, loftgæði og hjóðvist, mun vikja fyrir grænum samgöngukostum. Samþætta lausnir í bland við fjölbreytta starfsemi færir háskólasvæðið nær markmiðum hins svokallaða 10 mínútna hverfis þar sem öll dagleg þjónusta og innviðir eru innan 10 mínútna göngufjarlægðar. Óflugt tengistgakerfi fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur tengir saman vestur- og austurhluta háskólasvæðisins og Borgarlinustöðvarnar þrjár. Áformað er að tvær Borgarlinustöðvar verða staðsettar við

Suðurgötu, önnur á milli Loftskeytastöðvar og Árnagarðs og hin á milli Eddu og Þjóðminjasafns. Gert er ráð fyrir að þriðja Borgarlinustöðin verði á horni Njardargötu og Sturlugötu, á milli Öskju og Grósku. Við Borgarlinustöðvar byggjast upp innviðir svæðisins, s.s. smásöluverslun og þjónusta, en einnig má gera ráð fyrir að stöðvarnar tengist öðrum grænum samgöngukostum og innviðum, s.s. hleðslustöðum fyrir rafhjól, hjólageymslur, hjólaeigum og aðstöðu fyrir deilijól og rafskutlur. Með þessu móti er vistvænum farartækjum gert hátt undir höfði sem hvati fyrir samþætta notkun grænna samgöngukosta.

Lykiláherslur fyrir vistvænar samgöngur:

- Breyttar áherslur í samgöngum skv. leiðarljósum Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 (sjá skýringarmynd).
- Óflug tengistgakerfi fyrir hjól og gangandi.
- Innviðir fyrir græna samgöngukosti, yfirbyggð og örugg hjólaskýli og aðgengilegar hjólageymslur á jarðhæðum, hleðslustöðvar fyrir rafmagnshjól, stæði fyrir rafskutlur.
- Samþætting almenningsgangna, með áherslu á komu Borgarlinu og breyttar ferðavenjur
- Borgarlinustöðvar sem miðja samgangna í hverfinu.
- Þétting byggðar meðfram samgöngu- og þróunarási.
- Einkabíllinn vikur fyrir grænum samgöngukostum og færist út á jaðarinn.
- Göngugötur eða vistgötur á öllu svæðinu.






KAFLI 2. UMFERÐ OG SAMGÖNGUR


ALMENN BÍLAUMFERÐ OG BÍLASTÆÐI

Próunaráætlunin tekur mið af stefnu Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um fjölbreytta valkosti og breyttar ferðavenjur með fólk og umhverfi í forgangi. Stefnt er að því að draga úr almennri bílaumferð um svæðið og betri nýtingu hins verðmæta lands í hjarta borgarinnar. Tekin verður upp gjaldskylda á bílastæðum Háskóla Íslands. Bílastæðum munu fækka með tímanum og færast að mestu frá yfirborði í bílastæðahús og bílakjallara. Á háskólasvæðið sækir daglega fjölbreyttur hópur fólks á öllu aldursskeiði og með mismunandi hreyfigetu. Mikið er um viðburði, bæði á vegum háskóla- og vísindasamfélagsins og nærliggjandi menningarstofnanna á borð við Þjóðminjasafnið, Þjóðarbókhöðu og Norræna húsið.

Háskóli Íslands starfrækti um 1.700 bílastæði árið 2023. Gert er ráð fyrir að fækka þeim verulega. Gert er ráð fyrir því að aðkoma einkabíla verði frá Hringbraut, um Njarðargötu, Sturlugötu og Suðurgötu og aftur upp á Hringbraut. Öll umferð verði mjög róleg. Gætt verður sérstaklega að því að draga úr bílaumferð sem þverar græn svæði s.s. hringgarðinn á Suðurgötu. Virkar götuhliðar með verslun og þjónustu á jarðhæðum blása lífi í bílastæðahús og næsta umhverfi þess. Hverfismiðuð starfsemi í jarðhæðum húsanna, s.s. matvöruverslun, heilsugæsla, menningu eða afþreying, laðar til sín fólk og skapar borgarmiðaða stemningu og samskipti ólíkra hópa. Bílastæðahús geta með tímanum vikið fyrir annari starfsemi.



Ákvörðun um frekari staðsetningu bílastæðahúsa eða almennra bílastæða innan háskólasvæðisins verður tekin eftir að formlegt samgöngumat liggur fyrir. Huga skal sérstaklega að fýsileika á uppbyggingu bílakjallara með tilitti til sjálfbærni- og loftslagmarkmiða Reykjavíkurborgar sem að framan greinir. Gætt verður að því að bílastæðakjallarar skerði ekki hringgarðinn og dragi ekki úr möguleikum á fjölbreyttum trjám og öðrum gróðri innan garðsins. Í ljósi þeirra umfangsmiklu breytinga sem eru fram undan, s.s. almennri gjaldtöku fyrir bílastæði, tilkomu Borgarlínu, flutningi Menntavísindasviðs í Sögu og áframhaldandi uppbyggingu Vísindagarða verður unnið áfram að útfærslu á aðkomuleiðum bíla og staðsetningu bílastæðahúsa í framhaldi af próunaráætluninni.



Lykiláherslur fyrir aðkomu bíla og bílastæðalausna:

- Einkabíllinn vikur fyrir grænu umhverfi og vistvænum samgöngukostum.
- Aðkoma almennrar bílaumferðar um samgönguásvinn Njarðargata, Sturlugata og Suðurgata umfram jaðargötur s.s. Birkimel.
- Miðlæg bílastæðahús á yfirborði þjóna starfsfólki, nemendum og gestum.
- Bílastæði á yfirborði víkjandi í öllu skipulagi nema sleppistæði, vörulósunarstæði og stæði fyrir hreyfihlaða.
- Hverfismiðuð verslun og þjónusta á jarðhæðum bílastæðahúsa glæðir nærumhverfið lífi.
- Bílastæðahús eru byggð úr vistvænum efnum til að lágmarka kolefnisspor og eftir stöðluðum einingum og geta þannig verið stækkuð eða minnkuð eftir því sem eftirspurn þróast. Sveigjanleiki eykur hagkvæmni og nýtgjald húsanna og lengir líftíma þeirra.
- Gjaldtaka fyrir bílastæði á öllu háskólasvæðinu.



DEMI UM BÍLASTÆÐARÚS Á YFIRBORÐI MEÐ VIRKRI JARÐHÆÐ. REIST ÚR ENDURNYJANLEGUM BYGGINGAREFNUM



SÉRUMFERÐ


Almenn bílaumferð á háskólasvæðinu er víkjandi. Sérúmför fyrir vörulösun, neyðarbíla, sleppistöði leigubíla og aðgengi hreyfihamlaðra þarf engu að síður að leysa haganlega. Í Þróunaráætluninni er lagt til að leysa úr þessu að miklu leyti í samræmi við núverandi fyrirkomulag. Eftir fremsta megni verður þó reynt að halda umferð í gegnum græn lykilsvæði í lágmarki. Sérstök áhersla er lögð á að koma í veg fyrir að bílaumferð þveri hringgarðinn sem er eitt meginsteff skipulagstillögunnar. Skýringarmynd að neðan sýnir í stórum dráttum hvernig aðkomu sérúmförar er háttað. Umferðarleið sérúmförar vestanvert liggur um Birkimel.

Önnur megin umferðarleið sérúmförar liggur um Njarðargötu sem tengir sig við það gatnanet sem lagt er upp með á svæði Vísindagarða. Sæmundargata mun ekki lengur slita garðsvæði Skeifunnar frá Vatnsmyri, en gert er ráð fyrir að almenn bílaumferð um Sæmundargötu og Skeifu, ásamt tilheyrandi bílastæðum leggist af. Umferðarleið upp að Aðalbyggingu og Háskólatorgi verður áfram opin fyrir vörulösun, viðburði á tyllidögum, í neyðartilvikum og fyrir sleppistöði og bílastæði hreyfihamlaðra. Um Suðurgötu er aðkoma sérúmförar að Þjóðminjasafninu, Eddu, Veröld og Loftskýtuhúsinu þar sem er sýning um ævi og störf Vigðsar Finnbogadóttur.



Lykiláherslur fyrir sérúmför:

- Aðkoma bílaumferðar fyrir vörulösun, neyðarbíla, sleppistöði leigubíla, og aðgengi fyrir alla er tryggð að öllum byggingum.
- Almenn bílaumferð, um þann veghluta Sæmundargötu sem sker tengsl garðrýmis Skeifunnar og votlendis með tilheyrandi bílastæðum, leggst af.
- Umferð um Skeifu verður beint með einstefnuakstri frá suðri til norðurs og mun þjóna vörulösun og viðhafnaraðkomu.
- Kröfum um bílastæði fyrir hreyfihamlaða og hámarks göngufjarlægð að aðalinngangi er uppfyllt fyrir allar byggingar en leyst í bílastæðahúsi ef mögulegt er.



DIEMI UM VISTGÖTU MEÐ BLANDABRI UMFERÐ - BÍLAR ERU GESTIR Í GÖTURÝMINU



AUKIN SJÁLFBÆRNI BYGGINGA




Byggingar á háskólasvæðinu búa margar hverjar yfir áhrifaríkum arkitektúr. Í fjölbreytileika sínum endurspeglar þær mismunandi tímabil íslenskrar arkitektúrsögu (sjá viðauka). Þróunaráætlunin leitast við að viðhalda þeirri hefð að byggja fallegar og vandaðar byggingar en jafnframt er lögð áhersla á að nýbyggingar verði vistvænni og sjálfbærari mannvirki skv. viðurkenndri aðferðarfræði og að þau geti með góðu móti opnað á endurmyndandi (e. regenerative) umbyggingu og séu orkunýtin.

Forsendur fyrir sjálfbærar byggingar má flokka í þrjá meginlið:

1. Rýmislegar forsendur, s.s. byggingargerð, lofthæð og innvistun.
2. Tæknilegar forsendur, s.s. vistvæn byggingarefni, endurnýting á byggingarefnum og orkunotkun.
3. Félagslegar forsendur, sem efla samfélag og samskipti.

Varðandi rýmislega þáttinn leggur þróunaráætlunin áherslu á að velja réttu byggingargerðina fyrir viðkomandi starfsemi til að tryggja sveigjanleika bygginga og auka líftíma þeirra, óháð ytri áherslubreytingum varðandi kennsluáðferðir og vinnuumhverfi. Byggingar með flókna formlögun og óreglulegt burðarvirki eru stóur til þess fallnar að aðlaga sig breyttum ytri forsendum.

Byggingargerðir sem byggja á einföldum stærðfræðilegum fornum og einföldum módúlum burðarvirkis eru í grunninn sveigjanlegar og því er auðveldara að breyta til og bregðast við og aðlaga þær að breytti starfsemi og kennsluáðferðum. Þetta eykur líftíma bygginganna og dregur úr kolefnisspori þeirra.



Skýringarmyndirnar hér að neðan sýna dæmi sem byggja undir sjálfbærni í byggingargerð og sveigjanlegu innra fyrirkomulagi.


Varðandi tæknilegar forsendur er mikilvægt að velja byggingarefni og tæknilegar útfærslur sem standast hin íslensku óblöðu veðuröfi. Byggingar þurfa að vera vel hannaðar til að þola endurtekna rigningu og frost. Huga þarf vel að því að náttúrulegir farvegir vatns leiði vatn frá byggingum.

Varðandi félagslegar forsendur er lögð áhersla á að byggingar leiti út á við, þær bjóði fólk velkomið með virkum opnum jarðhæðum og góðri innivist. Mikilvægt er að jarðhæðir séu á völdum stöðum tengdar ytra rýminu með afgerandi hætti og bæti þannig aðkomu og öryggi þeirra sem leið eiga um ytra rýmið. Einnig er mikilvægt að huga að atriðum sem gera svæðin vistlegri og þægilegri að fara um, sér í lagi í skammdegi og að kvöldlagi. Einnig er mikilvægt að starfsemi sem er opin seint á kvöldin, s.s. lesstofur, íþróttaaðstaða, kaffihús eða bar sé ávallt tengt inn á við í innri opnu rýmin um leið og þau séu sýnileg og opin út í ytra rýmið.

FLÓKID YTRA FORM



GEOMETRISK YTRA FORM - EINFALT BURÐARVIRKI





KAFLI 3. BYGGINGAR & PRÓUNARREITR

ÁFANGASKIPTING OG FYRSTU SKREF

Innleiðing þróunaráætlunarinnar er langtímaverkefni sem viðkemur Háskóla Íslands og fjölbreyttum hópi hagaðila með óllka hagsmuni. Verkefnið vinnst í áföngum samhliða byggingarframkvæmdum, gjaldtöku bílastæða og innleiðingu samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Áfangarnir verða ýmist leiddir af Háskóla Íslands, ríkisvaldinu, eða Reykjavíkurborg í samvinnu við nærliggjandi stofnanir, s.s. Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum, Þjóðarbókhliðu, Þjóðminjasafni, Norræna húsinu og Félagsstofnun Stúdenta svo dæmi séu nefnd. Viðamikil endurgerð á háskólasvæðinu sem þessi kallar því á faglega yfirstjórnun, gegnsæ samskipti og traust.

Mikilvægt er að festa þróunaráætlunina í sessi með vel heppnuðum fyrsta áfanga. Slíkt eflir trú hagaðila á að þróunaráætlunin sé gagnlegt og traust skipulagstæki sem leiðir af sér sjálfbæra byggð og stöðyi við markmið Íslands um kolefnishlutleysi. Á næstu fimm árum flytur menntavísindasvið á Sögu, nýtt hús heilbrigðisvísindasviðs og djúptæknikjarni á lóð Visindagarða verða byggð. Áætlað er að fyrsta lota Borgarlínu með þremur stöðvum á háskólasvæðinu verði komið í gagnið fyrir árið 2032. Með hverri einstakri framkvæmd skapast tækifæri til að útfæra almenningssýmin í anda þróunaráætlunarinnar.

Hér að neðan eru tilgreindir fjórir byrjunaráfangar sem taldir eru brýnastir til að festa framtíðarsýnina í sessi, og ná sem mestu jákvæðu umbreytingum á háskólalóðinni innan fárra ára.

1. áfangi: 2025-2026

Fyrsti hluti Hringgarðs og nærumhverfi Sögu. Hringgarðurinn er hryggjarstykkjið í skipulagssýninni. Hann rammur inn starfsemina og tengir, gerir vistsamgöngum, íþróttum og líffræðilegum fjölbreytileika hærra undir sessi, og er því liður í stefnu Háskólans um sjálfbærni og góðan vinnustað. Almenningsrýmið vestan Suðurgötu er mun gróðurminna en svæðið austan Suðurgötu. Núverandi leið gangandi á milli Sögu, Háskólablós, Tæknigarðs og VR-bygginganna liggur um bílastæði og er illfær hreyfihömluðum, einkum á veturna. Því er hvað brýnast að hanna og byggja fyrsta hluta hringgarðsins frá Sögu að VR-byggingum, og bæta þannig aðgengi gangandi og hjólandi milli stórra kennslurýma á svæði vestan Suðurgötu. Verður það skýr yfirlýsing um komu Hringgarðsins og annarra áherslubreytinga þróunaráætlunarinnar. Tímasetja má framkvæmdir með það í huga að nýta uppgröft frá lóð Visindagarða við grænkun og landmótun. Einnig væri gott að ganga frá nærumhverfi Sögu sem formleg (eða óformleg) útikennslusvæði sem nýttast menntavísindasviði svo og nærliggjandi skólum og íbúum. Frumkvæði verkefnisins er í höndum Háskóla Íslands en aðrir hagaðilar eru Félagsstofnun Stúdenta, Reykjavíkurborg, nærliggjandi skólar og íbúar.

2. áfangi: 2026-2031

Borgarlína og lykilaðkomuleiðir inn á háskólasvæðið

Samkvæmt Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem undirritaður var í ágúst 2024 verður fyrsta lota Borgarlínu leiðin Hamraborg-Hlemmur-Ártúnshöfði og liggur hún um háskólasvæðið. Ásýnd og umferðaryrirkomulagi borgargatanna Suðurgötu, Njarðargötu og Sturlugötu verður breytt á þann hátt að göturnar verði bæði grænni og öruggari gangandi og hjólandi. Tvær stöðvar Borgarlínu verða reistar við Suðurgötu og ein við Sturlugötu. Fjóða stöðin verður við hús heilbrigðisvísindasviðs og nýjan meðferðarkjarna á lóð Landsspítalans. Greitt verður fyrir leið gangandi frá stöðvunum að nærliggjandi viðburðarhúsum og merkingum komið fyrir til að vísa gestum veginn um háskólasvæðið. Hluti hringgarðs milli VR og háskólatorgs verður þróaður. Frumkvæði verkefnisins er í höndum Vegagerðarinnar (Borgarlínuteymisins) og Reykjavíkurborgar, aðrir hagaðilar eru Háskóli Íslands, Visindagarðar HÍ, Stofnun Árna Magnússonar, Þjóðarbókhlaða, Þjóðminjasafn Íslands og Norræna húsið. Samþætta ber hönnun og útfærslu almenningssýmisins, hjóla- og gönguleiða, auk götugagna eins og hjólageymsla við Borgarlínustöðvar.

3. áfangi: ótímasettur

Vatnsmýrargarður og lokun Sæmundargötu fyrir almennri bílaumferð

Afnám malarstæðanna í Vatnsmýrinni er líklega ein sterkasta yfirlýsing um metnað Háskólans og Reykjavíkurborgar til að byggja undir og styrkja sjálfbærni borgarhverfisins. Lagður verður grunnur að heildstæðum garði frá Skeifu, að Friðlandinu Vatnsmýri, yfir í Hljómskálagarð og að miðbæ Reykjavíkur með fallettum gróðri, svæðum til að reisa viðburðatjöld og útikennslurýmum. Aðkoma, ásýnd og sjónásar batna og skerpt verður á alþjóðlegu séreinkenni sem friðlandið í Vatnsmýrinni er. Malarstæðum verður fækkað í áföngum í takt við breyttar ferðavenjur og loks verður Sæmundargata lokað fyrir almennri umferð bíla. Skeifan verður áfram einstefnugata frá norðri til suðurs, en eingöngu fyrir sérumerð (vörulösun, hreyfihamlaðir, viðburðir). Frumkvæði verkefnisins er í höndum Háskóla Íslands, en aðrir hagaðilar eru Reykjavíkurborg og Norræna húsið.

4. áfangi: ótímasettur

Fjórði áfangi er Hringgarður austan Sögu.

Útfærsla á Hringgarði á milli Birkimels, Sögu og Þjóðarbókhliðu sem gerir ráð fyrir nokkrum stakstæðum húsum í grænum almenningsgarði ásamt hjóla- og gönguleið sem hlykkjast í gegnum reitinn. Áfanginn verður að hluta til útfærður í tengslum við þróun á bensinsstöðvarreit, ásamt tengistígum við Borgarlínustöð fyrir hjólandi og gangandi.

SÍÐARI ÁFANGAR

Hringgarðurinn vestan Sögu er inngangur að háskólasvæðinu frá Vesturbæ.

Mikilvægt er að próa þennan hluta hringgarðsins í tengslum við framtíðaryrirkomulag Hagatorgs á vegum Reykjavíkurborgar. Huga þarf að tengingum milli Sögu og nærliggjandi grunn- og leikskóla.

Heildstæður Skeifu-Vatnsmýrargarður.

Skeifan er fallett en lítið nýtt grænt svæði, berskjaldað fyrir ríkjandi suðaustlægum veðuráttum. Áhersla verður lög á að samrýma ásýnd Skeifunnar við Vatnsmýrargarðinn ásamt því að mynda skjól og góða dvalarstaði. Frumkvæði af verkefninu kemur frá Háskóla Íslands, en aðrir hagaðilar eru Reykjavíkurborg.

Göngugatan meðfram Sögu að Þjóðarbókhliðu

Þessi stigur er mikilvæg tenging milli starfseininga skólans. Þennan hluta má útfæra í tengslum við uppbyggingu á reit Arngrímstögu 7 (ótímasett).

Norðurljósastígur frá Norræna húsi, undir Hringbraut, í Hljómskálagarði.

Fyrir liggur vinningsstillaga Landmótunar úr samkeppni um friðlandið í Vatnsmýrinni frá 2012. Líffæð tillögunnar er Norðurljósastígur sem liggur frá Norræna húsinu, undir Hringbraut, í Hljómskálagarði. Stigurrinn mun fylgja flæði vatns þannig að vegfærendum gefst tækifæri á að vera samferða tjarnarfuglum á milli garðanna tveggja. Á kvöldin verður marglitað iðandi ljóspil meðfram stignum. Frumkvæði af verkefninu hefur Norræna Húsið en aðrir hagaðilar eru Reykjavíkurborg og Vegagerðin.






BYGGINGAR & ÞRÓUNARREITIR

Skipulagsuppdráttur þróunaráætlunarinnar skilgreinir 14 þróunarreitir og eru þrjár þeirra fyrir Borgarlínustöð. Þróunarreitirnir eru:

1. Borgarlínustöð við Suðurgötu (óbyggt svæði við Þjóðminjasafnið)
2. Borgarlínustöð við Suðurgötu (óbyggt svæði við Veröld)
3. Borgarlínustöð á horni Sturlu- og Njarðargötu (óbyggt svæði við Öskju)
4. Suðurgata, viðbygging austan Þjóðarbókhlóðu (grænt svæði)
5. Bensinstöðvarreitir við Birkimel 1
6. Reitir milli Eddu, Þjóðarbókhlóðu og Sögu (bílastæði)
7. Reitir milli Eddu, Þjóðarbókhlóðu og Sögu (bílastæði)
8. Reitir milli Sögu og Aðalbyggingar HÍ (bílastæði)
9. Dunhagi, milli Háskólalábs og VR (Endurmenntun og Tæknigarður)
10. Reitir við Hjarðarhaga og Suðurgötu (VR I, VR II og VR III)
11. Reitir við Suðurgötu, millimilli Ípróttahúss HÍ og Árnagarðs (óbyggt svæði / bílastæði)
12. Reitir við Suðurgötu Reitir við Suðurgötu milli Þjóðminjasafns og Aðalbyggingar HÍ.
13. Reitir við Njarðargötu. Lóð Norðurslóðaseturs ÓRG (óbyggt svæði)
14. Reitir við Njarðargötu, austan ÍE (Fluggarðar)



LEIÐBEININGAR UM ÞRÓUN SVÆÐIS

Áhersla er lögð á góða landnýtingu á einum verðmætasta stað borgarinnar. Í samræmi við sjálfbærnisjónarmið í gildandi aðalskipulagi AR2040 er gert ráð fyrir þéttingu og blöndun byggðar við samgöngu- og þróunarása þar sem Borgarlína er fyrirhuguð.

Framtíðaruppbygging skal taka mið af stefnumarkmiðum og skipulagssýn Reykjavíkurborgar sem birtist bæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og Loftslagsáætlun 2021-2025 sem er aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í loftlagsmálum. Þar ber helst í samhengi við háskólasvæðið:

- GÖNGUVÆN BORG;
 - o 10 mínútna hverfið með aðgengi að grænum svæðum, útivist og þjónustu
- HEILSUEFLANDI FERÐAMÁTAR;
 - o hjóleiðaborg á heimsælikvarða
 - o Borgarlína ásamt betri og afkastamiklum almenningsamgöngum sem byggja undir breyttar ferðavenjur og háleiti loftslagsmarkmið
- VISTVÆN MANNVIRKI;
 - o Efnt verði til samstarfs við atvinnulífið um vistvænni byggingar og mögulegur afsláttur veittur við gjöld nýbygginga ef vistvænar aðferðir eru notaðar


Aðlögun að loftslagsbreytingum, m.a. með blágrænum ofanvatnslausnum og bættri nýtingu vatns ásamt vitundarvakningu og nýsköpun í samstarfi við atvinnulífið, er á meðal helstu stuðningsþátta og drifkrafta við að koma markmiðum Loftslagsáætlunar 2021-2025 í framkvæmd.

Í þróunaráætlun háskólasvæðisins er jafnframt tekið mið af viðkvæmu samhengi þess. Gert er ráð fyrir skynsamlegri landnotkun með þeim mikilvægu formerkjum að virðing sé borin fyrir sögulegum byggingum sem fá að njóta sín þótt umhverfið í kringum þær breytist.

Byggingar í skipulagstillögu eru almennt 3-5 hæðir. Gert er ráð fyrir hærri byggingum á reitum þar sem mikils andrýmis gætir og lægri byggingum þar sem samhengið er viðkvæmara, s.s. við hlið sögulegra bygginga.

Sérblöð sem hafa verið útbúin fyrir hvern þróunarreit eiga að tryggja og efla samspil húsa og umhverfis. Hönnunarleiðbeiningar eru leiðbeinandi og er ætlað að þjóna sem innlegg í nánari úrvinnslu á deiliskipulagsstigi.

- Hönnunarleiðbeiningar ávarpa eftirfarandi atriði;
- Lega reitsins í stærra samhengi.
 - Samlegð við Borgarlínu.
 - Tengsl bygginga við lykil almenningsrými.
 - Flæði fólks á milli bygginga.
 - Virkar hliðar og lega aðalinnganga.



Reykjavík